



1. útgáfa 04.04.2018

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Aseton		
Samheiti:	2-própanon, dímetýl keton, DMK.		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Leysiefni.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirleggjandi.		
1.3 Söluaðili:	N1	Framleiðandi:	Brenntag N.V.
	Dalvegur 10-14		Nijverheidslaan 38
	201 Kópavogur		BE-8540 Deerlijk, Belgía
Sími:	440 1000		32-56-776944
Netfang:	n1@n1.is		info@brenntag.be
Veffang:	www.n1.is		www.brenntag.be
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlinan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa	Eldf.vökvi 2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert. 2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunoröð

HÆTTA

Hættusetningar

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.
P243	Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlíf.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P312	Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni.
P403+P233	Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Eðlisfræðilegar hættur
Heilsufarslegar hættur
Umhverfislegar hættur

Efnið brotnar niður við hitun eða brennur, og myndar eittraðar gufur. Sprengihætta.
Hættulegur styrkur gufu í lofti myndast hægt við 20°C, hraðar við úðun.
Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eittrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).
Öryggi Gufa getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Aseton			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119471330-49	Innihald %	100,0
Raðnúmer	606-001-00-8	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-662-2	H-setningar	-
CAS	67-64-1	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Augnert. 2 - H319 , SEM-VES 3 - H336 , EUH066			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almenn viðbrögð:	Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið lækni, hverfi einkenni ekki fljótt, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum í háfliggjandi stöðu.. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. Veitið öndunaraðstoð ef nauðsynlegt er og leitið lækni.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega áður en notkun hefst að nýju. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í amk 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni. Haldið áfram skolun á leið.
Inntaka	Skolið munn. Leitið strax lækni og sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi, sjá lið 11.

4.3 Upplýsingar um tafarlausu lækniþörf og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Hafið samband við eitrunarmiðstöð.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði, alkólpólin froða. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolefnisoxíð, eitruð lífræn niðurbrotsefni, eld- eða sprengifimar blöndur með lofti, hættulegar gufur, þyngri en loft sem geta borist nokkrar vegalengdir með gólfi að íkveikjuvöldum.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Fjarlægjið eld- og neistagjafa, reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði, notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða, sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni, t.d. sand, jarðveg eða kísilgúr. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Skolið mengað svæði með miklu vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Haldið fjarri íkveikjuvöldum. Reykið ekki. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum. Getur myndað eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Notið jarðtengdan og neistavarinn búnað.

Gerid ráðstafanir gegn myndun stöðurafragns. Notið neista- og sprengivarinn rafbúnað. Notið ekki þrýstiloft við hrærslu eða flutning efnis milli íláta.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örygg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað með efnaheldu gólfi. Forðist mengun af völdum annarra efna. Geymið fjarri beinu sólarljósi og háu hitastigi. Ósamrýmanleg efni: Oxarar, basar, amín. Heppileg umbúðaefni: Ryðfrítt stál, galvaníserað stál, ál. Óheppileg umbúðaefni: Gerviefni, gúmmí.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæríbreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Aseton	510	1210	1020	2420	WEL (Holland)

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

Aseton					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	186	mg/kg/likamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma, staðbundið	DNEL	2420	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1210	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	62	mg/kg/likamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	62	mg/kg/likamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	200	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Skammtíma	DNEL	13,4	mg/kg

Aseton					
	Umhverfi, sjór		PNEC	1,06	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	10,6	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn set		PNEC	30,4	mg/kg
	Umhverfi, sjór set		PNEC	3,04	mg/kg
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	29,5	mg/kg
	Umhverfi, hreinsistöð		PNEC	100	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysi. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

Húð - hendur

Notið efnapolna hlífðarhanska úr bútýlgúmmíi. (EN374, >=0,5 mm, gegnstreymistími >480 mín). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun leysiefnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Öndunarfæri

Notið öndunargrímu með síu AX (brún), fari styrkur gufu yfir viðmiðunarmörk.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Arómatísk
Litur:	Litlaus
Lyktarmörk:	19,8 ppm
pH:	7 (10 g/l)
Bræðslumark:	-94,7°C
Suðumark:	56°C
Blossamark:	-17°C
Sjálftendrunarmark:	465°C
Tendrunarorka:	1,15 mJ
Lægri sprengimörk í lofti:	2,5%
Hærri sprengimörk í lofti:	14,3%
Gufuþrýstingur (20°C):	24 kPa
Gufuþrýstingur (50°C):	80 kPa
Eðlismassi gufu (loft=1):	2,0
Eðlismassi við 20°C:	0,80 g/cm ³
Vatnsleysni:	Fullkomlega leysanlegt
Leysanleiki, lífrænir leysar:	Alkóhól, eter, klóróform, flestar olíur
Seigja (20°C):	0,32 mPas
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.
Oxandi eiginleikar:	Nei

9.2 Annað

Yfirborðsspenna:	23,7 mN/m
Rokgjörn efni (b/p):	>99%

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Hvarfast kröftuglega við oxara.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð. Sjá einnig liði 10.4 til 10.6.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Getur myndað peroxíð.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Sjá einnig lið 7. Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir ikveikjuvaldar, Stöðurafragn. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti. Mikil birta.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar, basar, amín, gúmmí, gerviefni.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Eftirfarandi getur myndast við bruna: Kolefnisoxíð, eitruð lífræn niðurbrotsefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif: Hár styrkur í lofti getur valdið bælingu miðtaugakerfis og meðvitundarleysi (vímuáhrif).

Aseton					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD ₅₀	5800	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD ₅₀	>15800	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC ₅₀	76	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting	Lítillega ertandi, endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð.				
Alvarlegur augnskaði		Alvarleg erting			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Stökkbreytingar gerla		Neikvætt			
Eiturhrif á æxlunarfæri		Ekki skráð			
Krabbamein		Neikvætt			
Sértæk eiturhrif á markliffæri (VES)	Getur valdið sljóleika eða svima				
Sértæk eiturhrif á markliffæri (EV)		Ekki skráð			
Ásvelgingarhætta		Neikvætt			
Einkenni	Meðvitundarleysi, sljóleiki, svimi, höfuðverkur, meltingartruflanir, þreyta, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst.				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Aseton					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	5540 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	8800 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	NOEC	530 mg/l	8 d	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		Hratt niðurbrot			
Uppsöfnun í lífverum		Ekki vænst			
Dreifanleiki í jarðvegi		Mikill dreifanleiki			
Mat á PBT / vPvB		Á ekki við			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:
UN Númer 1090
Efnisheiti v. flutninga: ACETONE
Hættuflokkur: 3 (33)
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Nei

Varúðarmerking



IMDG:
UN Númer 1090
Efnisheiti v. flutninga: ACETONE (-17°C)
Hættuflokkur: 3
EmS: F-E, S-D
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Nei



IATA:
UN Númer 1090
Efnisheiti v. flutninga: ACETONE
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð

Útgáfa/Dags: 1/04.04.2018

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

BRENNTAG BV
Safety data sheet according to 1907/2006, Article 31
ACETONE

Útgáfa:

04.09.2015 Endurskoðun 8